

Skýrsla alpagreinanevndar SKÍ 2017-2019

Á skíðþingi 2017 var kosin ný nefnd til tveggja ára. Hana skipuðu:

- Snorri Páll Guðbjörnsson (Formaður, skipaður úr stjórn SKÍ)
- Brynja Þorsteinsdóttir
- Dagmar Ýr Sigurjónsdóttir
- Fjalar Úlfarsson
- Garðar Þorvaldsson

Tímabilið 2017/2018

Starf nefndarinnar hófst mjög fljótt að skíðþingi loknu. Samningur Egils Inga Jónssonar, landsliðsþjálfara, var framlengdur um eitt ár. Landslið í alpagreinum var valið eftir áður útgefinni valreglu. Magnús Finnsson lagði landsliðsskiðin á hilluna og þáði ekki sæti í liðinu.

A landslið

- Freydís Halla Einarsdóttir
- Helga María Vilhjálmsdóttir
- María Guðmundsdóttir
- Sturla Snær Snorrason

B landslið

- Andrea Björk Birkisdóttir
- Hjördís Kristinsdóttir
- Katla Björg Dagbjartsdóttir
- María Finnbogadóttir
- Georg Fannar Þórðarson
- Kristinn Logi Auðunsson
- Magnús Finnsson (þáði ekki sæti í liðinu)
- Sigurður Hauksson

Maí – september

Eins og áður sagði var samningurinn við Egil Inga framlengdur um eitt ár og hélt hann því áfram starfi sínu sem landsliðsþjálfari. A og B landslið mættu í þrekpróf um miðjan júní og aftur í ágúst. Í lok september var farið í æfingaferð í skíðahús í Hollandi þar sem fjórir B-liðsmenn tóku þátt, Andrea Björk, Hjördís, Kata Björg og Georg Fannar.

Október – desember

Þann 15. október hélt hluti A og B landslið til Hintertux ásamt Agli og Kristni Magnússyni sem var honum til aðstoðar. Freydís Halla, Hjördís, Katla Björg, María Finnbogadóttir, Georg Fannar og Kristinn Logi tóku þátt í því verkefni.

Í nóvember var í fyrsta sinn haldinn fræðslufundur fyrir alpagreinþjálfara á vegum AGN/SKÍ. Þar hélt Egill Ingi erindi með yfirskriftina „í undirbúningi felst árangur“, haldnar voru umræður meðal þátttakenda um þrjú málefni, eitt eða tvö pör? Stórsvigsskiði fyrir yngri keppendur, Notkun stubba í keppni hjá yngri flokkum og Val á skíðaskóm fyrir keppendur. Sigurgeir Halldórsson og Stephen Helfenbein héldu kynningu á nýju kennsluferfi SKÍ sem tekið var í gagnið síðar um veturinn og síðan var gestafyrirlesarinn Pálmar Ragnarsson, sálfræðingur og körfuboltaþjálfari, með erindi um jákvæð samskipti í íþróttþjálfun ungmenna. Fundurinn var nokkuð vel sóttur en rétt um 20 þjálfarar mættu á fundinn.

Katla Björg Dagbjartsdóttir og Georg Fannar Þórðarson voru valin af AGN til að fara fyrir Íslands hönd í æfingabúðir á vegum FIS frá miðjum nóvember og í um það bil fjórar vikur við æfingar og keppni.

Þrjár stelpur úr B liðinu, Andrea Björk Birkisdóttir, Hjördís Kristinsdóttir og María Finnbogadóttir héldu til Noregs seinni hluta nóvember ásamt Agli Inga þjálfara. Þar var æft og keppt við mjög góðar aðstæður í Hemsedal og Geilo fram í byrjun desember.

Fyrsta stóra samæfingin hjá 12 til 15 ára var haldin í lok desember, milli jóla og nýárs, stóð yfir í þrjá daga. Rúmlega 50 iðkendur mættu og einnig það landsliðsfólk sem tækifæri hafði til. Fjórir þjálfarar sáu um hópinn en Agli Inga landsliðsþjálfara, sem hafði yfirumsjón með æfingunni, til aðstoðar voru Jón Kornelíus, Pálmar Pétursson og Snorri Páll Guðbjörnsson. Hópurinn gisti í Breiðbliksskálanum og sá skíðadeild Breiðabliks um mat fyrir hópinn einnig.

Janúar – febrúar

Í byrjun janúar mættu 20 þjálfarar á fyrsta þjálfaranámskeiðið sem haldið hefur verið með eigin efni SKÍ og með þarfir hérlendis í huga. Stephen Helfenbein skrifaði efnið með aðstoð/leiðsögn frá Sigurgeiri Halldórssyni og Snorra Páli Guðbjörnssyni. Stephen hélt námskeiðið sjálfur með aðstoð frá Joshua Fogg en námskeiðið fór fram á Akureyri. Fjórir aðilar voru fengnir til að vera ofurnotendur á námskeiðinu með það í huga að sjá um að kenna námskeiðið í framtíðinni. Þessir aðilar voru Aron Andrew Rúnarsson, Egill Ingi Jónsson, Kristinn Magnússon og Snorri Páll Guðbjörnsson.

Heimsmeistaramót unglunga í Davos í Sviss var haldið um mánaðarmótin janúar/febrúar. Sjö keppendur náðu að vinna sér inn þátttökurétt á mótinu, Harpa María Friðgeirsdóttir, Hjördís Kristinsdóttir, Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir, María Finnbogadóttir, Katla Björg Dagbjartsdóttir, Björn Ásgeir Guðmundsson og Georg Fannar Þórðarson. Aron Andrew Rúnarsson var aðalþjálfari í ferðinni og honum til aðstoðar voru Szymon Kraciuk, sem fylgdi stelpu hópnum fyrri vikuna og Pétur Stefánsson sem fylgdi strákuðum seinni vikuna.

Ólympíuleikarnir í PyeongChang í Suður Kóreu fóru fram í febrúar. Freydís Halla Einarsdóttir og Sturla Snær Snorrason náðu að vinna sér inn keppnisrétt á leikunum. Egill Ingi Jónsson landsliðsþjálfari var þjálfari á leikunum og Grímur Rúnarsson var honum til aðstoðar. Freydís var fyrri til að hefja keppni af keppendum okkar þegar hún keppti í stórsvigi eftir þó nokkrar frestanir vegna mikils vinds á svæðinu. Þar náði hún því miður ekki að klára seinni ferðina eftir að hafa verið jöfn í 51.-52. sæti eftir fyrri ferðina. Daginn eftir keppti hún í svigi og endaði hún í 41. sæti eftir að hafa verið í 46. sæti eftir fyrri ferðina. Tveimur dögum síðar keppti Sturla Snær í stórsvigi en náði ekki að klára fyrri ferðina. Sturla gat því miður ekki keppt í svig keppni Ólympíuleikanna vegna meiðsla sem hann varð fyrir þegar honum hlekkist á í stórsviginu.

Mars - apríl

Samæfingar héldu áfram í lok apríl. Haldin var slík æfing í Bláfjöllum við ótrúlega flottar aðstæður miðað við árstíma. Æfingin var fyrir 15 ára og eldri þar sem æft var föstudag, laugardag og sunnudag. Egill Ingi Jónsson landsliðsþjálfari hafði yfirumsjón með æfingunni og honum til aðstoðar voru Aron Andrew Rúnarsson, Sverrir Rúnarsson, Szymon Kraciuk og Snorri Páll Guðbjörnsson. Rúmlega 20 krakkar mættu á æfinguna og höfðu gagn og gaman að. Íþróttasálfræðingur mætti á staðinn og var með fyrirlestur um markmiðasetningu.

Mótamál

Eins og undanfarin ár voru frestanir í mótahaldinu vegna veðurs. Veturinn byrjaði vel með ENL mótum um miðjan desember í Bláfjöllum en um miðjan janúar þurfti af aflýsa ENL stórsvigsmótum á Akureyri. Fyrsta bikarmóti vetrarins í fullorðinsflokki sem átti að vera fram í byrjun febrúar þurfti svo að fresta þangað til í byrjun mars. Að sama skapi þurfti að aflýsa stórsvigsmóti á Atomic Cup mótariðinni. Í unglungaflokkum var fyrsta bikarmót vetrarins fyrir 14-15 ára haldið á Dalvík á réttum tíma. Hins vegar þurfti að fresta báðum 12-15 ára mótunum um tvær vikur sem þrængdi mótatöfluna mikið seinni part tímabils. Hins vegar gekk mótshaldið vel seinni hlutann og allt fór fram samkvæmt áætlun eftir frestanir. Veður og færð hefur mikil áhrif á okkar mótahald og reynt er að bregðast við því sem vel og hægt er, en þegar það þarf að fresta er oft óhjákvæmilegt að mótin hitti á aðra viðburði, hvort sem það er innan SKÍ eða utan.

Tímabilið 2018/2019

Nýtt landslið var valið í maí eftir valreglum sem gefnar voru út fyrr um veturinn. En áður en að því kom ákvað María Guðmundsdóttir að leggja skíðin á hilluna eftir frábæran en mjög meiðslapjakaðann feril.

A landslið

- Freydís Halla Einarsdóttir
- Helga María Vilhjálmsdóttir
- Sturla Snær Snorrason

B landslið

- Andrea Björk Birkisdóttir
- Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir
- Katla Björg Dagbjartsdóttir
- María Finnbogadóttir
- Bjarki Guðmundsson
- Gísli Rafn Guðmundsson
- Sigurður Hauksson

Maí – september

Auglýst var laus til umsókna staða landsliðsþjálfara í maí og sótti einn aðili um en þegar á hólminn var komið gat viðkomandi ekki tekið að sér starfið að fullu. Niðurstaðan varð því að þrír aðilar skiptu með sér verkefnum komandi vetrar en þeir voru Egill Ingi Jónsson, Fjalar Úlfarsson og Grímur Rúnarsson.

Eins og venja hefur skapast var landsliðsfólkið tekið í þrekpróf yfir sumarið en svo var farið í æfingaferð til Landgraaf í Hollandi í skíðahús í lok ágúst. Þar fór Egill Ingi með Andreu Björk, Kötlu Björg og Gísla Rafn í tæpa viku.

Í lok september var síðan farið til Hintertux í frábærar aðstæður þar sem Grímur Rúnarsson var þjálfari og með honum í för voru Andrea Björk, Katla Björg og Gísli Rafn.

Október – desember

Haustfundur SKÍ var haldinn í byrjun október og ákveðið var að skeyta þjálfarafundinn, sem haldinn var í fyrsta skipti árið áður, saman við þann hitting til þess að aðilar gætu nýtt ferðina betur. Fundurinn þetta árið var tvískiptur þar sem fyrri hlutinn var erindi frá Þórarni Alvari Þórarinssyni, verkefnastjóra á þróunar- og fræðsluviði ÍSÍ, um kynferðislegt áreiti og ofbeldi tengt þjálfarahlutverkinu. Í ljósi umræðunnar í þjóðfélaginn og #metoo byltingarinnar var alveg ljóst að ræða þurfti þessi mál og fræðast betur um þau. Seinni hlutinn af fundinum var málstofa þar sem rædd voru ýmis mál sem varða hreyfinguna eins og starfsemi AGN, styrktarþjálfun skíðamanna og skíði sem heilsársíprótt, nýtt FIS punktakerfi, framtíð landsliðsmála og stubbamót á Íslandi. Ágætar umræður sköpuðust meðal þeirra rúmlega 15 þjálfara sem mættu á fundinn og ljóst er að þessi fundur/hittingur er kominn til að vera enda eini vettvangurinn fyrir skíðþjálfara á Íslandi til að koma alla saman og ræða málefni hreyfingarinnar.

Valreglur vegna stórmóta vetrarins voru gefnar út um miðjan október en mótin sem voru á dagskrá þennan veturinn voru Ólympíuhátið Evrópuæskunnar (EYOF) í Sarajevo í Bosnía og svo Heimsmeistarmótið í Áre í Svíþjóð.

Í október var svo komið að stórum áfanga þegar fyrsta samæfing SKÍ á erlendri grund var haldin á Hintertux jökli í Austurríki. Fyrirkomulagið var með þeim hætti að Fjalar Úlfarsson hélt utan til æfinga 17. október og með honum í för voru landsliðsfólkið Freydís Halla, Andrea Björk, Gísli Rafn og Katla Björg. Þann 21. október hélt síðan átta manna hópur frá þremur mismunandi landshlutum til Austurríkis og með þeim í för voru þjálfararnir Aron Andrew Rúnarsson og Kristinn Magnússon. Hóparnir voru saman í rúma viku og tókst æfingin mjög vel í alla staði. Von er til þess að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera og muni nýtast vel.

Egill Ingi fór með Andreu Björk, Hólmfríði Dóru, Kötlu Björg og Gísli Rafn til Noregs í æfinga og keppnisferð í lok nóvember yfir í desember. Þar var æft í um það bil viku og svo var þrætt milli bæja og keppt seinni vikuna.

Þjálfaranámskeið þjálfari 1 átti að halda í desember en vegna slæmrar þátttöku varð að fella námskeiði niður þar sem ekki náðist lágmarkspátttaka.

Samæfing fyrir 12-15 ára var haldin aftur þetta árið milli jóla og nýárs, í þetta skiptið á Dalvík. En mikið snjóleysi var á landinu þennan veturinn. Skíðafélag Dalvíkur hélt utan um æfinguna og Sveinn Torfason hafði yfirumsjón með henni og honum til aðstoðar voru Björgvin Hjörleifsson og Sveinn Brynjólfsson. Tæplega 50 iðkendur mættu í lítinn snjó en mjög fínar aðstæður þrátt fyrir það.

Janúar – febrúar

Febrúar var nokkuð annasamur en bæði EYOF og HM fullorðinna fóru fram á sama tíma um miðjan febrúar. Á EYOF voru það fjórir iðkendur sem unnu sér inn keppnisrétt og með þeim í för voru tveir þjálfarar:

- Aðalbjörg Lilly Hauksdóttir (Víking)
- Andri Gunnar Axelsson (SKA)
- Helga Björk Árnadóttir - þjálfari
- Guðfinna Eir Þorleifsdóttir (SKA)
- Aron Máni Sverrisson (SKA)
- Magnús Finnsson – flokksstjóri og þjálfari

Á HM fullorðinna í Áre í Svíþjóð voru átta keppendur valdir en valið var eftir valreglu sem gefin var út í október. Þeir keppendur voru:

- Andrea Björk Birkisdóttir (Dalvík)
- Freydís Halla Einarsdóttir (Ármann)
- Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir (Ármann)
- María Finnbogadóttir (Tindastól)
- Gísli Rafn Guðmundsson (Ármann)
- Kristinn Logi Auðunsson (ÍR)
- Sigurður Hauksson (ÍR)
- Sturla Snær Snorrason (Ármann)

Átta manna fylgdarteymi fylgdi hópnum yfir til Svíþjóðar og hélt utan um hann:

- Jón Viðar Þorvaldsson - fararstjóri
- Egill Ingi Jónsson - þjálfari
- María Magnúsdóttir - sjúkraþjálfari
- Sturla Höskuldsson - aðstoð
- Fjalar Úlfarsson – aðalþjálfari
- Grímur Rúnarsson – þjálfari
- Brynja Þorsteinsdóttir – aðstoð
- Einar Þór Bjarnason – Formaður

Þegar á staðinn er komið gerist það að undankeppni kvenna er feld niður þar sem svo fáar konur voru skráðar til leiks að það fyllti ekki hámarksfjölda í aðalkeppninni sjálfri. En í aðalkeppni kvenna í stórsvigi náðu bæði Hólmfríður Dóra og Freydís Halla að vera meðal 60 efstu eftir fyrri ferðina og fá þannig að fara seinni ferðina. Þær kláruðu svo báðar seinni ferðina einnig og varð Hólmfríður Dóra í 49. sæti og Freydís Halla í því 53.

Sturla Snær varð í 20. Sæti í undankeppni karla í stórsvigi og tryggði sér með því sæti í aðalkeppninni. En bæði Gísli Rafn og Sigurður bættu punktastöðu sína verulega þrátt fyrir að ná ekki að tryggja sér sæti í aðalkeppninni. Sturla náði því miður ekki að klára fyrri ferð í aðalkeppni í stórsvigi.

Í svigkeppni kvenna náðu Freydís Halla, María Finnbogadóttir og Andrea Björk allar að tryggja sér seinni ferð með því að vera meðal 60 efstu eftir þá fyrri. Hólmfríður náði því miður ekki að klára fyrri ferðina. Þær gerðu svo allar enn betur í seinni ferðinni og enduðu þær allar í einu af 40 efstu sætunum, Freydís Halla varð í 35. Sæti, María Finnbogadóttir í 38. sæti og Andrea Björk í því 39.

Sturla Snær gerði mjög gott mót í undankeppni karla í svigi en hann endaði í 12. sæti eftir að hafa átt fimmta besta tímamann í seinni ferð. Hinir strákarnir náðu því miður ekki að komast í aðalkeppnina en Sigurður Hauksson varð í 50. sæti en aðeins 25 bestu unnu sér inn þátttökurétt í aðalkeppninni. Gísli

Rafn og Kristinn Logi luku ekki seinni ferð. Aðalkeppnin í svigi fór eins og í stórsviginu og náði hann því miður ekki að klára fyrri ferð.

Mars – apríl

Í apríl hélt Egill Ingi þjálfari til Noregs með fimm iðkendur úr landsliðum í keppnisferð. Það voru Andrea Björk Birkisdóttir, Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir, María Finnbogadóttir, Gísli Rafn Guðmundsson og Sturla Snær Snorrason. Farið var til Hafjell og keppt á fjórum mótum á fjórum dögum.

Mótamál

Á haustfundi 2018 voru gerðar nokkrar breytingar er snéru að mótshaldinu. Fellt var út bikarmót 14-15 ára ásamt því að fækkað var verðlaunum. Að sama skapi var ákveðið að sameina hluta af ENL mótum í byrjun vetrar og bikarmót og þannig að fækka mótshelgum. Eins og tímabilið á undan byrjaði veturinn vel með ENL mótum um miðjan desember á Akureyri. Um miðjan janúar þurfti svo að fresta fyrsta bikarmóti í fullorðinsflokki sem átti að fara fram á Akureyri en eftir smá púsl var það sett á í byrjun mars. Fyrsta bikarmótið fór því fram í Bláfjöllum skv. dagskrá í byrjun febrúar. Næst var það bikarmót í Oddsskarði sem þurfti að fresta og var því frestað um óákveðin tíma, á endanum var þetta bikarmót sett saman við Atomic Cup mótariðina. Atomic Cup mótariðin átti upphaflega að fara fram í Reykjavík en vegna snjóleysis var það fært til Akureyrar. Alpagreinahluti SMÍ var færður af sömu ástæðu frá Ísafirði til Dalvíkur og tókst mótið frábærlega þrátt fyrir stuttan undirbúning. SKÍ kann miklar þakkir að færar öllum mótshöldurum og sérstaklega þegar breytingar eru gerðar með stuttum fyrirvara. Í unglingsflokki fór fyrsta mótið fram á Dalvík. Tæpt var á snjólögum en mótshaldara gerði virkilega vel í því að undirbúa aðstæður og að lokum fór fram við hinar bestu aðstæður. Næsta mót á eftir fór fram í Bláfjöllum og vegna snjóleysis og færðar var beðið með að taka ákvörðun um mótið fram á síðustu stundu. Á endanum var ákveðið að halda mótið en gerð var breyting á þá vegu að hafa tvö svig en ekki svig og stórsvig. Var það mat mótshaldara og eftirlitsmanns að ekki væri hægt að halda stórsvig. UMÍ fór fram á Akureyri og þurfti að breyta dagskrá vegna veðurs, ekkert var keppt fyrsta daginn og tvöfalt mót var annan daginn og samhliðasvig fellt niður. Mótshaldari gerði mjög vel í því að halda bæði svig og stórsvig þrátt fyrir erfiðar aðstæður.

Eftirlitsmannamál hafa verið í umræðunni hjá nefndinni á tímabilinu en vöntun er á eftirlitsmönnum. Haldin hafa verið tvö námskeið á síðustu þremur árum, fyrra námskeiðið var vel sótt en einungis mættu tveir á það síðara. Af þessum aðilum hafa svo verið fáir sem hafa haft tækni á því að taka að sér mót. Mikilvægt er að við séum með virka eftirlitsmenn því fyrst og fremst eru hans störf að tryggja öryggi og fara með eftirlit á mótisstað.

F.h. alpagreinaneftndar SKÍ
Snorri Páll Guðbjörnsson